

7. FEBRÚAR 2025

# Fréttabréf Hrafnagilsskóla



Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!

## Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þá er árið 2025 gengið í garð með nýjum verkefnum, áskorunum og lægðum! Vorönnin einkennist venju samkvæmt meðal annars af uppbroti eins og árshátíðum og Sprengidagshátíð en einnig er nokkuð um frídaga eins og vetrar- og páskafrí.

### Samverustundir í Hrafnagilsskóla.

Á hverjum morgni er samverustund fyrir nemendur í 1. - 7. bekk ásamt kennara og starfsfólk, foreldrar og forráðamenn eru ávallt velkomnir. Stjórnendur stýra samverustundum sem eru í föstum skorðum allt frá upphafi til enda. Nemendur ganga inn í Hjartað í beinum röðum og setjast með bekkjarfélögum sínum. Skólastjórnandi bíður eftir þögn, býður góðan dag og stundin hefst með því að nemendur og starfsfólk fara með skólaheiti Hrafnagilsskóla. Að lokinni stuttri umfjöllun um t.d. dyggð mánaðarins eða málefni líðandi stundar er atriði frá nemendum, söngur sem Silja tónmenntakennari stýrir og í lokin er nokkurra mínútna kyrrðarstund. Einu sinni í viku er 40 mínútna samverustund á unglíngastigi sem sama sniði nema unglíngarnir taka þátt í umræðum sem eru ítarlegri en hjá yngri nemendum. Markmið samverustunda er fyrst og fremst að stuðla að dyggðakennslu og skilningi í skólasamfélaginu, að þjálfva nemendur í að koma fram og hlusta á aðra, að syngja saman og byrja daginn saman og með hugarró.

## Uppbrot í skólastarfi og lykilhæfni

Í janúar var árshátíð nemenda unglíngastigs og nú í febrúar verða árshátíðir nemenda mið- og yngsta stigs. Árshátíðarundirbúningur er ólíkur hefðbundnu skólastarfi en honum fylgja ýmis verkefni sem nemendur glíma ekki við dagsdaglega í skólanum.

Óhefðbundnir skóladagar eins og árshátíðarundirbúningur eru hluti af mikilvægu skólastarfi og lærdómi nemenda. Fyrir utan að læra framkomu og framsögn, texta og lög þá nýta kennarar og starfsfólk tækifærið og samþætta námsgreinar eins og hægt er í undirbúningnum. Að auki er lögð áhersla á svokallaða lykilhæfni eins og hún er skilgreind í Aðalnámskrá grunnskóla en lykilhæfni skiptist í sex þætti:

- Tjáningu og miðlun.
- Skapandi og gagnrýna hugsun.
- Sjálfstæði og samvinnu.
- Nýtingu miðla og upplýsinga.
- Ábyrgð og mat á eigin námi.



## Frumkvöðlar í nýtingu gervigreindar í skólastarfi

Tækninni fleygir áfram og möguleikar gervigreindar hafa líklega ekki farið fram hjá mörgum. Margir eru hræddir við gervigreindina og telja að hún geri mannshugann óþarfan en fleiri sjá eingöngu tækifæri þegar kemur að gervigreind og telja öruggt að innsæi, reynsla og þekking manneskjunnar þurfi alltaf að koma til þegar kemur að hagnýtingu gervigreindar.

Kennarar og annað starfsfólk í skólum hefur ekki látið tækifærin fram hjá sér fara þegar kemur að möguleikum til nýtingar tækni og gervigreindar og í hópi kennara við Hrafnagilsskóla eru frumkvöðlar á þessu sviði. Hans Rúnar Snorrason hefur verið brautryðjandi í tækninýtingu og skólasamfélagið í Hrafnagilsskóla nýtur góðs af því. Kennarar og nemendur hafa þannig aðgang að gervigreindarlausnum eins og Viskubrunni (fyrir kennara) og Ragnari (fyrir nemendur). Einnig má nefna að Ástrós Guðmundsdóttir hefur verið brautryðjandi í notkun gervigreindar sem kennari og bæði hún og Hans Rúnar hafa verið hvetjandi og jákvæðar fyrirmyndir fyrir aðra í starfsmannahópnum. Ástrós og Hans hafa skrifað greinar, haldið erindi í menntabúðum, á námskeiðum og fyrirlestrum víða um land. Við erum stoltar af því að kennarar við skólann séu í fararbroddi í nýtingu tækni í skólastarfi.



### Samstarf við Bjargey

Við Hrafnagilsskóla er rekin skóladeild Bjargeyjar. Bjargey er ríkisrekið langtímameðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu og er staðsett á Laugalandi (fyrrum Laugalandsskóli). Bjargey er ætlað stúlkum og kynsegin einstaklingum á aldrinum 14 – 18 ára og rými er fyrir sex ungmenni í senn.

Á meðferðartímanum gefst ungmennunum kostur á að sækja skyldunám sitt til skóladeildar Bjargeyjar í Hrafnagilsskóla. Ungmönnum á framhaldsskólaaldri gefst einnig kostur á námsaðstoð hjá kennara ef þau sækja fjarnámsáfanga á meðferðartíma. Öllum gefst þeim kostur á að sækja verklega tíma við skólann, svo sem myndmennt, heimilisfræði og textílmennt. Á Bjargey er unnið út frá áfallamiðaðri nálgun og á sú nálgun margt sameiginlegt með agastefnu skólans, Jákvæðum aga, þar sem virðing, góðvild og festa eru í fyrirrúmi.

### Á döfinni:

**20. febrúar** - árshátíð miðstigs  
kl. 19:00 - 21:15.

**25. febrúar** - Þorgrímur Þránínsson  
heimsækir nemendur í 5. og 10. bekk.

**28. febrúar** - árshátíð yngsta stigs  
kl. 13:00 - 14:10.

**4. mars** - Sprengidagshátíð  
kl. 13:00 - 15:30.

**5. mars** - Öskudagur (frí í skólanum).

**6. - 7. mars** - vetrarfrí.

**18. mars** - Skíðaferð



Dyggð febrúarmánaðar  
er góðvild.



Með kveðju,  
Ása og Björk

Allir hafa hið **góða** í sér og möguleikann til að verða **betri** manneskjur.